



Reykjavíkurborg
Borgarlögmaður

Alþingi
Erindi nr. **P** 131/902
komudagur 28.2.2005

Reykjavík, 25. febrúar 2005
R05020081
175
ásig

Alþingi - Efnahags- og viðskiptanefnd
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Þórshamri við Templarasund
150 REYKJAVÍK

Umfang skattsvika á Íslandi, 442. mál.

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 10. þ.m., ásamt skýrslu um umfang skattsvika á Íslandi, 442. mál, til umsagnar bogarráðs, f.h. Reykjavíkurborgar..

Meðfylgjandi er umsögn sviðsstjóra fjármálasviðs Reykjavíkurborgar f.h.bogarráðs, dags. 24. þ.m.


Gunnar Eydal

Hjálagt:
Umsögn.



UMSÖGN

Viðtakandi: Gunnar Eydal, borgarlögmaður

Sendandi: Anna Skúladóttir

Umsögn um skýrslu um umfang skattsvika á Íslandi. 442. mál.

Svar við orðsendingu dags. 14. febrúar þ.m., þar sem óskað er umsagnar um erindi og skýrslu um umfang skattsvika á Íslandi 442. mál frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Af þeim skatttekjum sem eru til umfjöllunar í skýrslunni eru eingöngu launatekjur einstaklinga í skattstofni (útsvarsstofni) sveitarfélaga. Hér verður því eingöngu horft til umfjöllunar þeirra í skýrslunni.

Í skýrslunni kemur fram að með hliðsjón af fyrirliggjandi forsendum sé líklegt að vanframtaldar tekjur séu á bilinu 4-4,5% af landsframleiðslu. Undanskotnar tekjur gætu því verið 32-44 milljarðar króna miðað við árið 2003. Þetta þýðir að árlegt tekjutap sveitarfélaga gæti verið 4-6 milljarðar króna og þar af hlutur Reykjavíkurborgar 1,6-2,4 milljarðar króna.

Nefndin telur að erfitt sé að leggja nákvæmt mat á þann ávinning sem efling skattaeftirlits og skattrannsóknna hefði á skatttekjur. En þrátt fyrir það sé augljóst að fjárhagslegur ávinningur hins opinbera af auknu skatteftirliti og auknum skattrannsóknum sé mikill auk þess sem annar ávinningur, svo sem aukið jafnræði, jafnari samkeppnisstaða, aukin varnaðaráhrif og almennt meira réttlæti í þjóðfélagsumgjörðinni, sé ekki síður mikilvægur. Því sé ljóst að fjárhagslegur ávinningur af bættri skattframkvæmd sé mjög mikill. Að mati nefndarinnar er enn nokkuð í að náð hafi verið þeim árangri hér á landi sem gæti verið viðunandi að þessu leyti.

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að skatteftirlit verði eflt og komið í að minnsta kosti viðunandi horf. En eins og að framan greinir þá eru miklir fjárhagslegir hagsmunir í húfi og að auki mikilvægt réttlætissjónarmið að jafnræðis sé gætt í álagningu skatta.

Anna Skúladóttir